

## **Lærum hvert af öðru – virkjum grunnþættina**

Í sameiginlegum hluta aðalnámskrár er kveðið á um sex grunnþætti sem mynda kjarna nýrrar menntastefnu. Þeir varða starfshætti skóla, inntak og umhverfi náms og er ætlað að vera leiðarljós og skapa samfellu í öllu skólastarfi.

Grunnþættirnir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnréttindi og sköpun.

### **1. Hvaða leiðir geta stjórnendur notað til að einstakir grunnþættir endurspeglit í starfsháttum skóla?**

- Skoða stöðuna eins og hún er í dag í okkar skóla, margt verið að gera nú þegar, benda á það vel er gert.
- Samvinna og samtöl starfsfólks, allir hafi áhrif, fræðsla til allra sem koma að skóastarfinu.
- Byggja fólk upp og taka allt fram sem við eigum.
- Stórir ófaglærðir hópar í leikskólum, allir þurfa góða fræðslu og kynningu.
- Skólinn hafi skýra stefnu skýra framkvæmdaáætlun þar sem, allir koma að verkinu og verklok eru tiltekin.
- Vera góð fyrirmynd og stilla saman strengi.
- Tryggja að allir starfsmenn hafi sama skilning á hugtökum í aðalnámskrá.
- Læsi á skólanámskrá.
- Aðstöðumunur skólastiga til fundarhalda er mikill, þarf að jafna hann.
- Skapa öryggi með því að kortleggja starfið út frá skólanámskrá.
- Grunnþættirnir verði hluti af menningu skólans.
- Dreifð forysta og allir fái að njóta sýn.
- Stjórnendur hafi góða hlustun.
- Hver skóli gefur sér ákeðinn tíma.
- Hvetja starfsmenn til að kynna sitt starf og innleiðingu grunnþátta í sinni vinnu.
- Opna á aðkomu allra hagsmunaaðila, hafa grunnþættina sýnilega.

## 2. Hvernig geta stjórnendur virkjað þátttöku kennara / starfsmanna / nemenda /foreldra?

- Flétta foreldra að borðinu við innleiðingu.
- Uppfæra skólastefnu sveitarfélagsins og flétta við vinnuna í innleiðingu aðalnámskrár.
- Sveitarfélagið þarf að vera með kynningu fyrir foreldra.
- Allir þessir grunnþættirnir eru stoðir í samfélaginu sem við búum í, við öllum börnin okkar upp með heilbrigði og velferð í forgrunni og lang flestir kennarar hafa það að leiðarljósi nú þegar.
- Látum ekki eins og grunnþættirnar séu eitthvað nýtt og óþekkt, viðhorfin eru þegar til staðar en fá meira vægi og eru meira áberandi í nýrri aðalnámskrá.
- Nemendur eru þegar með í ákvarðanatöku, þarf að auka það.
- Sjálfbærni, flokkun, læsi, lífsleikni, margt þegar verið að gera en hefur ekki verið fléttað í skólanámskrá. Gleðjumst yfir hve þetta eiga að vera mikilvægir þættir, setjum það skýrt fram.
- Fá foreldra inn í skólann og vinna með innleiðingu.
- Nemendur verði í rýnihópum.
- Við þurfum tíma og skilning fræðslufirvalda.
- Mikil vinna framundan í námsmati. Margt sem þarf að taka til endurskoðunar.
- Vinna með námsframvindu í Mentor, kennarar setji skrifleg markmið í Mentor sýnileg fyrir foreldrum og öllum, hvernig á að ná markmiðum og hvernig hefur gengið.

### 3. Hvað þarf til að hægt sé að flétta grunnþætti í skólastarfið?

- Áræðni, áhuga umræður ígrundun, hvatningu og fjölbreyttar kennsluaðferðir.
- Samvinna og tími, til að hægt sé að flétta grunnþættina inn, það er núna veikur þáttur.
- Kjarasamningur grunnskólakennara er ekki sveigjanleikur sem er ógnun.
- Tími, fræðsla, deila hugmyndum, markvissar áætlanir og mat.
- Fela kennurum aukna ábyrgð.
- Stjórnendur þurfa að passa að kveikja áhuga og gefa kennurum frítt spil.
- Tími til samráðs og úrvinnslu, aukið fjármagn til funda. Allur tími til faglegs samráðs vantar í leikskóla
- Hafa opinn huga og jákvæðni, lifandi og skemmtilega vinnu, tíma til að kynna sér grunnþætti.
- Tengin milli markmiða og leiða.
- Virkni starfsfólks, tenging kennara við starfshætti og kennslufræði.
- Áttum okkur á því hvernig grunnþættir fléttast við kennsluna. Grunnþættir eiga að gegnsýra allt sem við gerum.
- Tryggja þekkingu starfsmanna, jákvæðni, hugsa út fyrir rammann, þora að breyta því sem þarf að breyta.
- Tækifæri til að spyrja hvað við erum að kenna og hvernig nýtist það nemendum í dag.
- Kennum ekki að stýra hestvagni þegar við notum hann ekki.

**4. Fleiri hugmyndir um aðferðir fyrir stjórnendur til að innleiða grunnþætti í skólastarfið?**

- Vera í góðum tengslum við aðra stjórnendur til að heyra hvernig þeim gengur, fá hugmyndir, hvatningu og styrkingu.
- Hafa opinn vefheim allra skólastiga, hugmyndir, hvað gengur vel.
- Gefa svigrúm til að fara og hitta annað skólafólk, fara á milli skóla.
- Framkvæma mat þar sem rýnt er í starfsaðferðir og finna leiðir til úrbóta, öflugt innra mat og starfendarannsóknir.
- Lítum á aðalnámskrá sem nýtt tækifæri.
- Endurskoðun aðalnámskrár í gegnum tíðina, þær hafa sveiflast frá því að vera mjög nákvæmar yfir í frjálslægri. Þessi námskrá er í frjálslægri kantinum, rými fyrir fjölbreytta skóla en andinn er skýr í samskiptum og mannrækt.
- Lögð ábyrgð á kennarann gagnvart nemandanum, - hafa kjark til að ræða viðhorfin.
- Gott að skólastigin fái tækifæri til að vinna saman og heyra hvernig gengur. Þetta er samstarfsverkefni.